



**UST**

**Umhverfisstofnun**

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. apríl 2005  
Tilvísun: UST20050300131/bs


### Sjóvarnir 2005-2008


Vísað er til bréfa Skipulagsstofnunar dags. 10. og 11. mars sl. þar sem óskað er álitis Umhverfisstofnunar á matsskyldu sjóvarna sem fyrirhugað er að byggja á árunum 2005-2008. Umhverfisstofnun hefur þegar gefið álit á umhverfisáhrifum sjóvarna sunnan Garðskagavita og norðan Stafnesvita, sjóvarna austan Stokkseyrar og sjóvarnar við Herdísarvík. Vegna skorts á upplýsingum um aðrar sjóvarnir sem fjallað er um í ofangreindum bréfum Skipulagsstofnunar treystir Umhverfisstofnun sér ekki til að gefa álit á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmda.

Umhverfisstofnun telur að afla þurfi nánari upplýsinga um eftirfarandi þætti, einn eða fleiri eftir aðstæðum:

1. Efnistöku, staðsetningu, aðstæður á efnistökuastað og frágang og útlit svæðis að efnistöku lokinni. ( Efnistöku vegna sjóvarnar við Brunna á Hvallátrum)
2. Lýsingu á aðstæðum á framkvæmdasvæði sem felur a.m.k. í sér almenna lýsingu á náttúrufari. (Á við um allar sjóvarnir í ofangreindum bréfum)
3. Hvort líklegt sé að viðkomandi framkvæmd hafi áhrif á lífríki á aðliggjandi svæðum. (Á við um allar sjóvarnir í ofangreindum bréfum)

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson

  
Helgi Jensson  
Forstöðumaður